

## AUGLÝSING

### um lögformlega viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins á Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar - STEF.

Með auglýsingu þessari er Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar - STEF veitt lögformleg viðurkenning, sbr. 23. gr. höfundalaga nr. 73/1972, með áorðnum breytingum. Samþykktir sambandsins eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 2. nóvember 2009.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Þórhallur Vilhjálmsson.*

#### Fylgiskjal.

#### **Samþykktir Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar - STEF.**

##### **1. Nafn og aðsetur.**

- 1.1 Samtökin heita Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, skammstafað STEF.
- 1.2 Heimili og varnarþing samtakanna er í Reykjavík.

##### **2. Tilgangur og viðfangsefni.**

- 2.1 STEF er höfundaréttarstofnun, sem gætir höfundaréttarlegra hagsmuna innlendra og erlendra tónskálda, textahöfunda, svo og annarra rétthafa tónverka og tilheyrandi texta. Samtökin starfa einungis í umboði umbjóðenda sinna og veita þeim fyrirgreiðslu, en safna ekki eignum í eigin þágu. Samtökin hafa löggildingu menntamálaráðuneytisins til innheimtu höfundaréttargjalda samkvæmt höfundalögum.
- 2.2 Höfuðviðfangsefni STEFs í samræmi við tilgang sinn samkvæmt grein 2.1 eru þessi:
  - A) Samtökin stuðla að og beita sér fyrir varðveislu og eflingu hins einstaklingsbundna höfundaréttar með stöðugri varðgæslu á þessu sviði, beita sér fyrir nýjungum á sviði höfundalöggjafar og standa vörð um tilvist réttarins með öllum tiltækum ráðum.
  - B) Samtökin veita tónflutningsleyfi, innheimta gjöld fyrir leyfin og framkvæma hvaðeina, sem að því lýtur, þ. á m. málshöfðun til gæslu og verndar hagsmunum þessum. Leita samtökin, og gera í því sambandi, samninga við útvarpsstöðvar og aðra þá aðila sem tónlist flytja. Samtökin geta sett gjaldskrár fyrir opinberan flutning tónlistar og eru þær háðar staðfestingu menntamálaráðuneytisins.
  - C) Samtökin veita leyfi til fjölföldunar tónlistar, innheimta gjöld fyrir leyfin og framkvæma hvaðeina, sem að því lýtur, þ. á m. málshöfðun til gæslu og verndar hagsmunum þessum. Samtökin geta falið Norrænu innheimtustofnuninni á sviði fjölföldunarréttar, Nordisk Copyright Bureau, að gæta þessara hagsmuna í umboði sínu.
- 2.3 STEF á aðild að FJÖLÍS, IHM og öðrum þeim samtökum sem stofnsett kunna að verða til þess að innheimta höfundaréttargjöld og önnur sambærileg gjöld samkvæmt höfundalögum eða öðrum lögum.
- 2.4 STEF annast samskipti við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.

##### **3. Aðild.**

- 3.1 Aðildarfélag STEFs eru: Tónskáldafélag Íslands og Félag tónskálda og textahöfunda. Hlutverk félaganna er m.a. að gæta hagsmuna tónskálda og annarra rétthafa tónverka og tilheyrandi texta í samstarfi við STEF.
- 3.2 Þeir einir geta verið félagsmenn í aðildarfélagum STEFs, sem eru virkir tónhöfundar (tónskáld og/eða textahöfundar) eða erfingjar þeirra, er áður hafa verið félagsmenn í hlutaðeigandi félagi,

eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykktum félaganna. Skilyrði er að allir félagsmenn í hvoru félagi um sig hafi veitt STEFi beint umboð til gæslu höfundaréttinda sinna yfir tónverkum, svo og til gæslu tengdra réttinda. Skulu ákvæði hér að lútandi vera í samþykktum félaganna og stjórnir þeirra sjá um að þeim sé framfylgt. Í engu atriði mega samþykktir aðildarfélaganna brjóta í bága við samþykktir STEFs.

- 3.3 Auk aðildarfélaganna eiga þeir rétthafar, sem standa utan þeirra, aðild að stjórn og fulltrúaráði samkvæmt greinum 4 og 5.

#### 4. Stjórn og framkvæmdastjóri.

- 4.1 Stjórn samtakanna skipa sjö menn: Tveir menn og tveir til vara, tilnefndir af Tónskáldafélagi Íslands, tveir menn og tveir til vara, tilnefndir af Félagi tónskálda og textahöfunda, og þrír menn og þrír til vara, kosnir af fulltrúaráði samtakanna samkvæmt grein 4.5.
- 4.2 Formenn Tónskáldafélags Íslands og Félags tónskálda og textahöfunda skulu vera sjálfkjörnir í stjórnina og skulu varaformenn félaganna vera varamenn þeirra. Að auki skal hvort félag um sig tilnefna einn mann og einn til vara til setu í stjórninni til tveggja ára í senn, eftir að almenn atkvæðagreiðsla um fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna, samkvæmt greinum 5.2 og 5.3, hefur farið fram. Fulltrúar aðildarfélaganna í stjórn STEFs skulu allir vera virkir tónhöfundar.
- 4.3 Tónskáldafélag Íslands og Félag tónskálda og textahöfunda tilnefna formann og varaformann stjórnar STEFs úr hópi stjórnarmanna sinna í STEFi, sbr. grein 4.2. Formaður og varaformaður skulu ævinlega vera hvor úr sínu félagi og tilnefndir til skiptis af þeim til tveggja ára í senn.
- 4.4 Þeir einir geta setið stjórn STEFs sem aðalmenn og varamenn er uppfylla skilyrði til kjörgengis í fulltrúaráð samtakanna samkvæmt grein 5.4.
- 4.5 Fulltrúaráð STEFs kys á aðalfundi sínum þrjá menn úr hópi fulltrúaráðsmanna til setu í stjórn samtakanna til tveggja ára í senn og skal a.m.k. einn þeirra ekki vera félagsmaður í öðru hvoru aðildarfélagi samtakanna. Áður en kosningin fer fram skal leitað eftir framboðum til stjórnarkjörs. Þjóði þrír sig fram teljast þeir sjálfkjörnir. Að öðrum kosti fer fram leynileg kosning, þar sem hverjum fulltrúaráðsmanni skal afhentur einn kjörseðill. Skal hann skrifa eitt eða tvö nöfn frambjóðenda á kjörseðilinn. Ef atkvæði eru greidd tveimur frambjóðendum skal a.m.k. annar þeirra vera utan aðildarfélaga STEFs. Ef tveir eru kosnir hljóta þeir hvor um sig eitt atkvæði og ef einn er kosinn hlýtur hann sömuleiðis eitt atkvæði. Ef brugðið er út af fyrrgreindum fyrir-mælum telst kjörseðill ógildur, nema hann sé auður. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutað um það hvor eða hver þeirra telst rétt kjörinn í stjórn STEFs. Ávallt skal þó séð til þess að a.m.k. einn úr hópi hinna þriggja stjórnarmanna komi úr hópi rétthafa utan aðildarfélaganna. Á sama hátt skal kjósa þrjá varamenn í stjórn STEFs, sömuleiðis til tveggja ára.
- 4.6 Stjórnin stýrir starfsemi samtakanna í samræmi við ákvarðanir fulltrúaráðs samkvæmt grein 5.5. Stjórnin skal sjá um að skipulag samtakanna og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundur skal boða með hæfilegum fyrirvara þegar formaður ákveður eða þrír stjórnarmanna óska þess.
- 4.7 Stjórnarfundur er lögmaður ef meirihluti stjórnar er mættur. Afl atkvæða ræður á stjórnarfundum. Ef tveir stjórnarmenn eða fleiri telja að ákvörðun stjórnar STEFs brjóti í bága við lög eða reglur, þær sem samtökin starfa eftir, geta þeir leitað úrskurðar menntamálaráðuneytisins um álitafnið. Slíkt frestar ekki því að ákvörðunin komi til framkvæmda, sbr. þó grein 4.8.
- 4.8 Stjórn STEFs ræður framkvæmdastjóra samtakanna, en framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk þeirra. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri samtakanna í samræmi við ákvarðanir stjórnar og fulltrúaráðs samtakanna. Telji framkvæmdastjóri að einhver ákvörðun stjórnar eða fulltrúaráðs brjóti í bága við lög eða reglur þær, sem samtökin skulu starfa eftir, getur hann neitað að framkvæma þá ákvörðun, en skjóta ber hann málinu svo fljótt sem því verður við komið til endanlegs úrskurðar menntamálaráðuneytisins. Framkvæmdastjóri hefur rétt og skyldu til fundarsetu á stjórnarfundum og fulltrúaráðsfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
- 4.9 Undirskrift fjögurra stjórnarmanna er nægileg til þess að skuldbinda samtökin.

### 5. Fulltrúaráð.

- 5.1 Fulltrúaráð STEFs er skipað 21 fulltrúa: Fjórum stjórnarmönnum sem tilnefndir eru af aðildarfélögunum samkvæmt grein 4.2, fimm mönnum og fimm til vara, tilnefndum til viðbótar af hvoru aðildarfélögunum um sig, og sjö mönnum og sjö til vara, kjörnum samkvæmt greinum 5.2 og 5.3. Þeir fulltrúaráðsmenn, sem tilnefndir eru af aðildarfélögunum, skulu allir vera virkir tónhöfundar.
- 5.2 Sjö aðalmenn í fulltrúaráð STEFs skulu kjörnir til tveggja ára í senn í almennri atkvæðagreiðslu sem fram skal fara í marsmánuði annað hvert ár. Af þeim sjö fulltrúaráðsmönnum, sem kjörnir eru með þessum hætti, skulu a.m.k. þrír koma úr hópi réttthafa utan félaga. Allir þeir réttthafar, sem veitt hafa STEFi umboð sitt til hagsmunagæslu hafa atkvæðisrétt, hvort sem þeir eru félagar í öðru hvoru aðildarfélögunum þess eða standa utan félaganna, enda hafi þeir fengið úthlutað að lágmarki frá samtökunum samtals 120 þús. kr. á undangengnum þremur árum. Tónhöfundur eða annar réttthafi fer sjálfur með atkvæðisrétt vegna réttinda sinna, jafnvel þótt hann hafi framselt rétt sinn til höfundaréttargreiðslna til annars aðila, nema um sé að ræða viðurkenndan tónlistarútfefanda. Ef höfundur eða réttthafi er látinn skal sá erfingi hans eða annar fyrirsvarsaður erfingja, sem skráður er viðtakandi greiðslna samkvæmt réttthafaskrá STEFs, fara óskipt með atkvæðisrétt vegna réttinda hins látna. Ekki síðar en 1. febrúar það ár, sem atkvæðagreiðslan á að fara fram, skal auglýst eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera fjórar vikur. Ef sjö hafa boðið sig fram, að framboðsfresti loknum, teljast þeir sjálfkjörnir, en hafi fleiri boðið sig fram skal atkvæðagreiðsla fara fram samkvæmt grein 5.3. Ef færri en sjö hafa boðið sig fram, að venjulegum framboðsfresti loknum, skal hann framlengdur um eina viku.
- 5.3 Þriggja manna kjörstjórn, sem stjórn STEFs kýs, skal annast framkvæmd hinnar almennu atkvæðagreiðslu og skera úr öllum ágreinings- og vafaatriðum í sambandi við hana. Sérhver réttthafi, sem atkvæðisrétt hefur samkvæmt grein 5.2, ræður yfir einu atkvæði við atkvæðagreiðsluna. Fari samanlagðar höfundaréttargreiðslur, sem réttthafinn hefur fengið úthlutað á undangengnum þremur árum, fram úr 180 þús. kr. bætist við eitt atkvæði, fari greiðslurnar fram úr 300 þús. kr. bætast við tvö atkvæði, fari greiðslurnar fram úr 1,5 millj. kr. bætast við þrjú atkvæði, fari greiðslurnar fram úr 3 millj. kr. bætast við fjögur atkvæði og fari greiðslurnar fram úr 6 millj. kr. bætast við fimm atkvæði. Samkvæmt þessu getur enginn einn réttthafi farið með fleiri en sex atkvæði við atkvæðagreiðsluna. Hver réttthafi getur greitt einum frambjóðanda atkvæði, þó þannig að ráði hann yfir fleiri en einu atkvæði getur hann greitt fleiri en einum frambjóðanda atkvæði. Atkvæðagreiðslan fer þannig fram að hver réttthafi, sem atkvæðisrétt hefur, fær senda jafn marga kjörseðla og þau atkvæði eru sem hann ræður yfir. Á kjörseðlinum skulu skráð nöfn frambjóðenda í stafrófsröð og skal réttthafinn krossa við nafn eins þeirra. Að því loknu setur hann kjörseðilinn í lokað umslag. Umslöginn með kjörseðlunum skulu berast skrifstofu STEFs innan þriggja vikna frá því að þau voru send út. Annast kjörstjórn talningu atkvæða. Berist kjörseðill frá einhverjum, sem ekki hefur atkvæðisrétt, sé hann annars konar en þeir kjörseðlar, sem sendir voru út, sé merkt við nöfn fleiri en eins frambjóðanda á kjörseðli eða sé þar að finna einhver auðkenni, sem bent gætu til þess hver kjósandinn er, telst seðillinn ógildur, nema hann sé auður. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutað um það hvor eða hver þeirra telst rétt kjörinn í fulltrúaráð STEFs. Ávallt skal þó séð til þess að a.m.k. þrír úr hópi hinna sjö fulltrúaráðsmanna komi úr hópi réttthafa utan aðildarfélaganna. Þegar úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir skulu þeir, er kjörnir hafa verið í fulltrúaráðið sem aðalmenn, tilnefna varamenn sína og skulu varamenn fullnægja skilyrðum til að eiga sæti í fulltrúaráðinu samkvæmt grein 5.3, auk þess sem varamenn fulltrúaráðsmanna utan félaga skulu einnig standa utan aðildarfélaga STEFs.
- 5.4 Þeir einir geta átt sæti í fulltrúaráðinu og eru kjörgengir til þess sem fullnægja skilyrðum til að greiða atkvæði og fara með atkvæðisrétt samkvæmt grein 5.2. Réttthafar sem verulegra hagsmuna hafa að gæta sem viðsemjendur STEFs um höfundaréttargjöld eru heldur ekki kjörgengir í fulltrúaráðið né heldur þeir sem uppvísir hafa orðið að stórfelldum höfundaréttarbrotum eða brotið hafa gegn samtökunum með öðrum hætti.
- 5.5 Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í málefnum samtakanna.

- 5.6 Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í maímánuði ár hvert og skal taka fyrir þessi mál á fundinum:
1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra fyrir liðið ár.
  2. Afgreiðslu endurskoðaðra reikninga samtakanna fyrir liðið ár.
  3. Tilkyningu um kosningu stjórnar fyrir næsta starfsár, sbr. þó 4. tölul.
  4. Kosningu þriggja manna í stjórn STEFs, þó aðeins annað hvert ár, sbr. grein 4.5.
  5. Kosningu tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara fyrir næsta starfsár. Skal annar skoðunarmanna vera félagsmaður í Tónskáldafélagi Íslands, en hinn í Félagi tónskálda og textahöfunda.
  6. Kosningu formanns fulltrúaráðsins.
  7. Önnur mál.
- 5.7 Aðra fulltrúaráðsfundi skal boða þegar stjórn ákveður eða skoðunarmenn eða þrír fulltrúaráðsmenn óska þess.
- 5.8 Stjórn STEFs skal boða til fulltrúaráðsfunda bréflaga og skal geta dagskrár í fundarboði. Aðalfund skal boða með tveggja vikna fyrirvara, en aðra fundi með einnar viku fyrirvara.
- 5.9 Formaður fulltrúaráðsins stjórnar fundum þess. Ekki verður ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði, nema 4/5 hlutar fundarmanna samþykki. Afl atkvæða ræður á fulltrúaráðsfundum nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum þessum.

## 6. Meðferð fjármála.

- 6.1 Tekjum STEFs skal varið sem hér segir:
- A) Af heildartekjum skal fyrst greiða opinber gjöld, ef á verða lögð, og síðan allan rekstrar-kostnað samtakanna.
  - B) Af því fé, sem þá verður eftir, skal greiða allt að 10% til Tónmenntasjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt að úthluta fé til starfsemi aðildarfélaga STEFs og skal þess gætt að jafn miklu fé sé úthlutað árlega til hvors aðildarfélags.
  - C) Það fé, sem þá verður eftir, skiptist með þeim, er flutningsrétt eiga á verkum sem samtökin innheimta gjöld fyrir, eftir þeim reglum sem settar verða af samtökunum í samræmi við reglur hliðstæðra samtaka í aðildarríkjum Bernarsáttmálans. Í reglunum má af hagkvæmnis-ástæðum kveða á um einföldun úthlutunar til innlendra og erlendra réttthafa í samræmi við hefðir sem skapast hafa í því efni.
- 6.2 Athugasemdir við úthlutun höfundaréttargreiðslna frá STEFi ber að senda skrifstofu samtakanna innan þriggja mánaða frá því að tilkyning um úthlutun var send réttthafa enda er samtökunum ekki skylt að taka til greina athugasemdir við afreikning, þær er síðar koma fram.
- 6.3 Reikningsár STEFs er almanaksárið.
- 6.4 Ársreikningur STEFs skal endurskoðaður ár hvert af löggiltum endurskoðanda og sendur kjörnum skoðunarmönnum samtakanna, en þeir skulu aftur senda ársreikninginn til stjórnar STEFs með athugasemdum sínum. Skal reikningurinn síðan, ásamt öðrum reikningum samtakanna, lagður fyrir aðalfund fulltrúaráðs þeirra til samþykktar. Þeir fulltrúaráðsmenn, sem þess óska, geta fengið afhent eintak af ársreikningnum daginn fyrir aðalfund.
- 6.5 Styrkir úr sjóðum, sem tengjast STEFi, þ. á m. á grundvelli samninga samtakanna við aðra aðila, skulu veittir eftir eðli verkefna í samræmi við markmið þeirra, óháð félagsaðild styrkþega. Styrkirnir skulu veittir á faglegum forsendum.

## 7. Önnur ákvæði.

- 7.1 Samþykktum þessum, reglum STEFs um úthlutun höfundaréttargreiðslna sem og stjórnarfyrirkomulagi og markmiðum sjóða samkvæmt grein 6.5 verður aðeins breytt á aðalfundi fulltrúaráðsins, þar sem a.m.k. helmingur fulltrúa er mættur og 3/4 hlutar þeirra greiða breytingunni atkvæði. Nú hlýtur tillaga til breytinga á samþykktunum 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi og verður samþykktunum þá breytt ef sama tillaga er samþykkt á aðalfundi að ári að öllu leyti óbreytt með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Að öðrum kosti telst tillagan felld.

- 7.2 STEF verður því aðeins lagt niður að um það sé gerð samþykkt á fundi í fulltrúaráði STEFs eftir þeim reglum sem greindar eru í grein 7.1. Skal þá sá fundur ráðstafa eignum samtakanna og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir er að slitum þeirra lúta.
- 7.3 Samþykktir þessar öðlast nú þegar gildi.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Breytt skipan á stjórn og fulltrúaráði STEFs frá fyrri samþykktum, þ. á m. hvernig mál skuli þar afgreidd, tekur gildi á aðalfundi samtakanna vorið 2010. Skal almenn atkvæðagreiðsla, þar sem kjörnir skulu sjö menn í fulltrúaráð STEFs til tveggja ára, fara fram í marsmánuði 2010, sbr. nánar greinar 5.2 og 5.3.

Gildistöku þess ákvæðis greinar 7.1, að samþykktum STEFs og öðrum þeim atriðum, sem þar eru greind, verði breytt með samþykki 2/3 atkvæða á aðalfundi fulltrúaráðsins tvö ár í röð, frestast þannig að samþykktunum eða atriðunum verður í fyrsta lagi breytt með þessum hætti á aðalfundi árið 2012, að undangenginni samþykkt aðalfundar árið áður.

Samþykkt á aðalfundi STEFs 16. maí 2009.